

Fundur stjórnar FMR 3. nóvember 2020 kl. 17:00-18:10

Mætti: Áslaug Kristjánsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoega, Erlendur Svavarsson, Rósa Björk Brynjólfssdóttir og Sigríður Hermannsdóttir.

1) Fundur hófst með því að Elísabet Siemsen, rektor gerði fundarmönnum grein fyrir því sem efst er á baugi hjá skólastjórnendum. Kom fram hjá rektor að útséð væri með frekari staðkennslu á þessu misseri. Á vormisseri væri gert ráð fyrir að staðkennsla yrði tekin upp að nýju. Yrði um einhverjar takmarkanir að ræða vegna sóttvarna sagði rektor að ætlunin væri að taka húsnæði á leigu úti í bæ ef þess þyrfti með. Fyrir því þyrfti þó viðbótarfjárveitingar. Sagði rektor að bæði skólameistarar og ráðherra menntamála héldu mjög á lofti sjónarmiðum um mikilvægi staðkennslu og að framhaldsskólar væru opnir. Væri hún þess fullviss að þegar til tilslakana kæmi yrði byrjað á skólunum.

Rektor tók undir áhyggjur af áhrifum ástandsins á félagsþroska nemenda. Verið væri að koma á fót ráði nemenda í hverjum árgangi (2-3 nemendur úr hverjum árgangi) og er ætlunin að skólastjórnendur fundi með þeim a.m.k. einu sinni í viku. Með því væri stefnt að því að styrkja enn frekar samskipti nemenda og skólastjórnenda.

Rektor fór yfir álag á nemendur og sagði það vera mikið. Óskað hefði verið eftir því við fagstjóra og kennara að draga úr álagi, m.a. með því að koma heimavinnu meira inn í tímana sjálfa. Sú vinna væri í gangi.

Búið væri að senda ráðuneytinu erindi þar sem óskað er eftir viðbótarfjármagni til að halda úti námskeiðum í sumar. Von væri á svári vonandi síðar í vikunni. Verði svar jákvætt verður farið í nánari útfærslu á tilhögun.

Rætt var um þá mismunandi stöðu bekkjaskóla vs. áfangaskóla og möguleika á lengingu náms í því sambandi. Sagði rektor sitt mat að mjög ólíklegt væri að undanþága fengist til lengingar. Allar undanþágur framhaldsskóla hvaða nafni sem nefnast hefðu hingað til verið hafnað. Lýstu fundarmenn yfir áhyggjum af þessari stöðu og mögulegu brottfalli.

Fundarmenn gerðu rektor grein fyrir því að þeir skynjuðu vaxandi áhyggjur foreldra af stöðu mála. Munu skólastjórnendur hafa fjarfundi (teams/zoom) með foreldrum í hverjum árgangi fyrir sig í næstu viku. Gefst foreldrum færi á að senda inn spurningar fyrirfram sem verður svarað á fundinum. Verður þetta nánar auglýst af bæði foreldrafélaginu og skólanum þegar nær dregur helgi.

2) Ályktun/áskorun foreldrafélagsins vegna stöðunnar

Samþykkt var að foreldrafélagið myndi semja ályktun/grein til birtingar þar sem áréttað er mikilvægi þess í nútíð og framtíð að nemendur í framhaldsskóla geti sinnt sínu námi þrátt fyrir faraldur og að ákvarðanir um takmarkanir þar á séu teknar af vel ígrunduðu máli.

3) Frekari kynning á foreldrafélaginu

Fundur með foreldrum og skólastjórnendum í upphafi skólaárs þar sem foreldrafélagið hefur kynnt sína starfsemi var frestað og enn ekki fyrirséð hvenær hann getur farið fram. Ákveðið að setja frekari upplýsingar um félagið og starfsemi þess á FB síðu þess og/eða vefsíðu MR.

4) Styrkur til skólafélaganna

Beiðni um 100.000 kr. styrk til Framtíðarinnar vegna bingó fyrir nemendur samþykkt.

Beiðni um 80.000 kr. styrk v/hreysti- og heilsumánaðar nemenda samþykkt.

5) Annað

Annað var ekki tekið fyrir.

Fundargerð ritaði Bryndís Kristjánsdóttir